Höggmyndasagan

Myndlist

Eiríkur Þorláksson

Í hraða nýlokinnar Listahátíðar hefur lítill tími fengist til að staldra við og skoða betur það sem boðið er upp á. Því er þakkarvert að nokkrar stærstu myndlistarsýningarnar, sem tengjast Listahátíð, standa lengur og gefa listunnendum betra tækifæri til slíks.

Ein þeirra er sýning Listasafns Reykjavíkur, „Íslensk höggmyndalist 1900- 1950“, sem fyllir sali Kjarvalsstaða og stendur til 8. júlí.


Nokkur undanfarin ár hafa verið haldnar yfirlitssýningar á Kjarvalsstöðum, þar sem fjallað hefur verið um ákveðin tímabil eða ákveðin fyrirbrigði í íslenskri myndlistarsögu, og með því reynt að skerpa vitund manna um þessi atriði. Húsið hefur allt verið lagt undir þessar sýningar, og lögð hefur verið talsverð vinna við sýningarskrár, sem gætu staðið sem vegvísar í fátæklegri bókaútgáfu um íslenska myndlist. Þannig var sýningin „Íslensk Abstraktlist“ haldin 1987, „Maðurinn í forgrunni“ á Listahátíð 1988 og „SÚM 1965-1972“ á síðasta ári. Eins og gerist og gengur hafa ekki allir verið sammála um efnisval ofangreindra sýninga, þá list sem þar hefur verið sýnd eða mikilvægi viðfangsefnanna yfirleitt. Slíkt er eðlilegt, og getur aðeins orðið til þess að auka umræðu um hvernig listasaga aldarinnar verður skráð.

Sýningin á Kjarvalsstöðum nú takmarkast við fyrri helming aldarinnar. Fyrstu viðbrögð kynnu að vera að það sé of þröng mörk, en við skoðun sýningarinnar kemur strax í ljós að svo er ekki. Það gefur einnig tilefni til að líta fram á veginn til sýningar eftir rúman áratug, þar sem tímabilið yrði 1950-2000. Er ekki að efa að það verður erfiðari sýning í undirbúningi, bæði vegna þess mikla fjölda myndhöggvara sem hefur komið fram á þessum tíma, og þeirrar útvíkkunar hugtaksins höggmynd, sem orðið hefur síðustu áratugi; hvar eru mörkin milli skúlptúrs og umhverfisverks? – En sú umræða er verkefni síðari tíma.

Það sem fyrst vekur athygli þegar inn er komið, er uppsetning sýningarinnar og lýsing verkanna. Þarna hefur verið fagmannlega unnið, og leitast við að láta hvert verk njóta sín sem best. Fjölda listaverka er stillt í hóf (4 til 7 verk frá hendi hvers listamanns) svo þau trufli ekki hvort annað í rýminu. Dauf lýsing gerir einnig að verkum, að hægt er að leggja áherslu á helstu kosti hvers verks. Slíkt er gott svo langt sem það nær, og tekst ágætlega; en hin hliðin á þeim pening er auðvitað, að þannig er einnig mögulegt að fela gallana, ef einhverjir eru. Skýrar merkingar með verkunum eru og ótvíræður kostur.

Verk hvers listamanns fá sitt afmarkaða rými í sölunum, og er gott samræmi milli þeirra. Í austursalnum myndast mjög sterkur ás endanna á milli, þar sem fyrir eru stærstu verk Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar. Samræming af þessu tagi er ekki í vestursalnum, en flest verkin þar njóta meira sjálfstæðis fyrir vikið.

Á sýningunni eru verk eftir níu listamenn: Einar Jónsson, Nínu Sæmundsson, Guðmund Einarsson frá Miðdal, Ríkarð Jónsson, Martein Guðmundsson, Sigurjón Ólafsson, Gunnfríði Jónsdóttur, Ásmund Sveinsson og Magnús Á. Árnason. Skráð listasaga tímabilsins gerir hlut þeirra misjafnan: Einar Jónsson er hinn ótvíræði brautryðjandi, og síðan eru Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson þeir meistarar, sem teljast skara fram úr; aðrir falla í skuggann. – *Í stuttu máli má* segja að sýningin staðfesti þetta mat.



Sigurjón Ólafsson: Knattspyrnumenn, 1936.

Vald þeirra þremenninga yfir miðlinum er ótvírætt, og kemur vel til skila í þeim verkum sem hér eru sýnd. Þó að verk Einars Jónssonar njóti sín hvergi eins og í Hnitbjörgum, þar sem listamaðurinn valdi þeim sjálfur stað, gefst hér tækifæri til að kynnast þeim frá nokkuð öðrum hliðum og í öðru samhengi, þ.e. í nálægð verka eftir aðra listamenn. Myndir Einars koma sterkar frá þeim samanburði.

Helstu einkenni Ásmundar Sveinssonar og Sigurjóns Ólafssonar koma einnig vel fram í þeim verkum sem valin voru á sýninguna. Efnistök þeirra, tilfinning fyrir formi og rými, og á hvern hátt þeir leita sífellt nýrra leiða í listinni gerði að verkum að þeir áttu enn eftir að bæta við framlag sitt eftir 1950. Þeir tengjast því yngri kynslóðum myndhöggvara, á meðan list Einars Jónssonar gerir það ekki.

Af verkum annarra á sýningunni er helst að nefna myndir Nínu Sæmundsson, en hún á skilið meiri athygli en hún hefur hingað til hlotið í íslenskri myndlistarsögu. Nína starfaði lengst af erlendis, og kann það að valda nokkru um stöðu hennar. Mörg verk hennar eru þó hér á landi, og því tækifæri til að bæta úr þessu.

Það vekur athygli, þegar verkin á sýningunni eru skoðuð, hversu yfirgnæfandi meirihluti þeirra er bundin ákveðnu sjónarhorni. Með þessu er átt við, að þau njóta sín best séð að framan, en missa oft kraft og formgildi séð frá hliðum eða að aftan. Það er helst við sum verk Nínu, Ásmundar og Sigurjóns, sem hægt er að mæla með því að áhorfandinn gangi hringinn; önnur rýrna við það. Þarna hafa listamennirnir því ekki náð að nýta sér til hlítar þá eiginleika sem höggmyndin hefur fram yfir málverkið, þ.e. þriðju víddina og það rýmisgildi, sem hún býður upp á.

Vegleg sýningarskrá hefur verið gefin út í tilefni af sýningunni, og býðst fyrir gjafverð miðað við almennt verð bóka og tímarita. Í henni er að finna stutt æviágrip þeirra listamanna, sem valdir voru á sýninguna, ljósmyndir af verkum og kafla um eðli og inntak þeirra höggmynda, sem þróuðust hér á landi fyrri hluta aldarinnar. Þó svo ekki sé ástæða til að taka þessa kafla sem endanlega úttekt á sögu höggmyndalistar hér á landi fyrri hluta aldarinnar, er rétt að benda á nokkur atriði til íhugunar.

Í skránni er látið að því liggja að allir hafi listamennirnir leitað til íslenskrar náttúru sem aflvaka í sínu myndmáli, og þannig fundið einhvern þjóðlegan stíl í list sinni. Þetta er auðvitað mikil einföldun, og á tæpast við rök að styðjast af tveimur ástæðum. Allt þetta fólk var um lengri eða skemmri tíma búsett erlendis, og stundaði þar nám; slíkt hefur óhjákvæmilega haft einhver áhrif á listhugsun þess. Jafnframt fóru margir í styttri kynnis- og námsferðir til annarra landa, eftir að heim var komið, til að fylgjast með því sem var að gerast erlendis. Því er óþarfi að gleypa við eldri kenningum um þjóðlegheit í listum, þó svo slíkt hafi gengið vel í þjóðina á tímum sjálfstæðisbaráttu fyrri ára. Til þess er samanburðurinn of skýr; list Einars Jónssonar eru ljóslega tengd symbolisma (táknhyggju) í evrópskri myndlist um aldamótin; alþýðuhetjur Ásmundar draga sterkan dám af klassíska tímabilinu í list Picasso og jafnvel þeim sósíalrealisma, sem víða var ríkjandi á kreppuárunum, og verk hans á fimmta áratugnum eiga sér sterkan bakhjarl í formrannsóknum Henri Moore og Barböru Hepworth. Verk Sigurjóns eru afsprengi þeirrar þróunar sem átti sér stað í Evrópu frekar en nokkuð annað, eins og skoðun á verkum Jean Arp eða Jacques Lipchitz getur sýnir. Jafnvel gerð andlitsmynda byggir á hefð sem nær langt aftur í fornöld.

Því er ekki hægt að segja að þessir fyrstu íslensku myndhöggvarar hafi skapað hér nýja myndgerð. List þeirra fólst hins vegar í því að þeir aðlögðu þekkingu sína og hæfni að nýjum viðfangsefnum, og sköpuðu þannig höggmyndlist, sem átti erindi við íslensku þjóðina. – Landsmenn voru oft lengi að finna þetta, sem sést best á hversu lengi Ásmundur og Sigurjón máttu bíða eftir almennri viðurkenningu á list sinni. En verk þeirra eiga erindi við landsmenn enn í dag, og því ber að hvetja fólk til að skoða sýninguna á Kjarvalsstöðum.

Miðnæturblús á Hótel Íslandi

SUMARKABARETT Hótel Íslands verður frumsýndur á föstudag. Hann heitir Miðnæturblús og er eftir Ástrósu Gunnarsdóttur, sem einnig er leikstjóri.

Auk Ástrósar koma fram Dadía Banine, Bryndís Einarsdóttir, Baltasar Kormákur, Stefán Jónsson og Valgeir Skagfjör. Kabarettinn fjallar um ólíkt fólk sem hittist á bar.



ÓÐAL
☎ 681060
Skeifunni 11A, 2. hæð.
Lögmaður: Sigurður Sigurjónsson hdl.
Einbýli – raðhús
Lindarbraut – Seltj. V. 13,2–13,3 m.
Vorum að fá í sölu fallegt einbhús á einni hæð 204 fm. Skipulag er: Forstofuherb., mjög stór stofa, borðstofa með arni, eldhús, 3 svefnherb. á sérgangi, snyrting, búr og þvottahús. Parket á herb. Góður heitur pottur í garði. Falleg ræktuð lóð. Ákv. sala.
Laugardalur – einb./tvíb.
Vorum að fá í sölu glæsil. 330 fm 2ja íb. hús ásamt bílsk. við Reykjaveg. Húsið er kj., hæð og ris. Í kj. er björt 4ra–5 herb. íb. með viðarinnr., búr og þvhús innaf eldhúsi. Sérinng. Efri hæð og ris: 2 stofur, gott eldhús, 6 svefnherb. og 2 góð baðherb. Nýtt þak, nýl. gler. Falleg ræktuð lóð. Eign í sérfl.
Fannafold V. 12,1 m.
Vorum að fá í sölu mjög fallegt 200 fm parhús á tveimur hæðum. Glæsil. eldhúsinnr., 4–5 svefnherb., stofa og borðstofa. Fallegt útsýni. Góður bílsk. Ákv. sala.
Fellsás – Mos. V. 14,5 m.
Stórgl. einbhús á tveimur hæðum. Fullfrág. hús og lóð. Arkitekt Kjartan Sveinsson. Glæsil. útsýni. Skipti mögul. á eign í Reykjavík.
4ra herb. og stærri
Karfavogur V. 7,8 m.
Falleg efri sérhæð í tvíb. ca 130 fm brúttó. Samþ. teikn. af bílsk. fylgja. Falleg ræktuð lóð. Ákv. sala. Laus.
Engjasel V. 6,7 m.
Vorum að fá í einkasölu fallega 4ra herb. endaíb. 111,4 fm á 2. hæð í 3ja hæða blokk. Stæði í bílskýli. Vestursv. Glæsil. útsýni. Ákv. sala.
Furugrund V. 6,5 m.
Erum með í sölu fallega 4ra herb. íb. á 3. hæð í 3ja hæða blokk. Vestursv. Ákv. sala.
Hlíðarhjalli V. 9,7 m.
Vorum að fá í einkasölu stórgl. 4ra herb. íb. 104,3 fm nettó ásamt 24,6 fm bílskúr. Íb. er fullfrág. Fallegt útsýni. Suðursv. Áhv. 3 millj. frá veðdeild. Eignin fæst einnig í skiptum fyrir gott einbhús með 6 svefnherb.
Engihjalli V. 6,4 m.
Vorum að fá í sölu fallega 4ra herb. íb. á 2. hæð 98 fm nettó í lyftubl. Ákv. sala.
3ja herb.
Kríuhólar V. 5,2 m.
Vorum að fá í sölu fallega 3ja herb. íb. á 2. hæð í lyftubl. Ákv. sala. Laus strax.
Hjarðarhagi V. 4,5 m.
Falleg 3ja herb. íb. í kj. 80 fm brúttó. Lítið niðurgr. Parket á stofu og holi, baðherb. með flísum. Ákv. sala. Áhv. veðdeild 865 þús. og langtíma lífeyrissjóðslán á 2 millj.
Kársnesbr. V. 5,9 m.
Mjög falleg 3ja herb. íb. á 2. hæð. Sérinng. Hagst. lán áhv. (3 millj. veðdeild). Ákv. sala. Laus fljótl.
Furugrund V. 6 m.
Mjög falleg 3ja herb. íb. á 3. hæð (efstu). Stórar suð-vestursv. Fallegt útsýni. Góð sameign. Laus fljótl.
Skólabraut – Hf. Verð: Tilboð.
Erum með á sölu mjög fallega 3ja–4ra herb. íb. sem er ca 80 fm á miðhæð í þríbhúsi á þessum fráb. stað við Tjörnina. Stórgl. eign. Ákv. sala.
2ja herb.
Kóngsbakki V. 4,3 m.
Erum með í einkasölu fallega 2ja herb. íb. á 1. hæð í 3ja hæða blokk. Sérlóð. Íb. er laus strax.
Sogavegur V. 5,2 m.
Vorum að fá í einkasölu fallega 2ja–3ja herb. íb. 65,6 fm nettó á jarðhæð í fimm íb. húsi. Sérinng. Ákv. sala.
Austurströnd V. 5,4 m.
Erum með í sölu fallega 2ja herb. íb. á 3. hæð, stæði í bílgeymslu. Glæsil. útsýni. Ákv. sala. Áhv. veðdeild 1,4 millj.
Höfum einnig fjölda annarra eigna á skrá.